



## 552. fundur stjórnar SASS

Haldinn að Austurvegi 56, Selfossi  
13. desember 2019, kl. 13:00 – 16:00

Mætt: Eva Björk Harðardóttir, formaður, Helgi Kjartansson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Jóna Sigríður Guðmundsdóttir, Friðrik Sigurbjörnsson, Grétar Ingi Erlendsson, Björk Grétarsdóttir, Kristján S. Guðnason í fjarveru Ásgerðar Kristínar Gylfadóttur sem boðaði forföll og Brynhildur Jónsdóttir í fjarveru Ara Björns Thorarensen sem boðaði forföll. Þá situr fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritar fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Fundargerð

Fundargerð 551. fundar undirrituð.

### 2. Sjálfbærni sveitarfélaga

Eva Magnúsdóttir ráðgjafi hjá Podium ehf. og Viktoría Valdimarsdóttir ráðgjafi hjá Ábyrgum lausnum ehf. kynntu hugmyndir um stefnumótun fyrir sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir, með sjálfbæran hugsunarhátt að leiðarljósi og innleiðingu breyttrar hugsunar. Auk þess fjölluðu þær um möguleika á úttektum á stöðu samfélagsábyrgðar auk skýrslugerðar þar sem þættir samfélagsábyrgðar; umhverfislegir, samfélagslegir og efnahagslegir þættir eru mældir. Loks má nefna innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Þær hafa einnig verið að aðstoða fyrirtæki og sveitarfélög við að innleiða nýjar áherslur í stefnu þar sem umhverfisþættir, félagslegir þættir og stjórnarhættir eru greindir og mældir samhliða fjárhagslegum þáttum. Hafa haldið fjölda námskeiða og fyrirlestra með áherslur á ófjárhagslega þætti í rekstri, ábyrgar fjárfestingar og græn verkefni.

### 3. Sóknaráætlunar Suðurlands

#### a. Skipulag á tímabilinu 2020 – 2024

Samþykkt að breyta skipulagi á komandi tímabili þannig að framvegis sinni stjórn þeim verkefnum sem verkefnastjórn Sóknaráætlunar Suðurlands hefur sinnt.

Nánari útfærsla í höndum formanns og framkvæmdastjóra.

#### b. Áhersluverkefni 2020

Kynntar voru frumhugmyndir að áhersluverkefnum fyrir árið 2020. Þau eru enn í mótun en nokkur þeirra eru lengra komin. Í framhaldi verða þau síðan kostnaðarmetin.



Af öðrum verkefnum sem komið hafa til umræðu má nefna:

- Hugmynd um að Ungmennaráð Suðurlands myndi starfshóp sem færi yfir hugmyndir um strauma og stefnur Suðurlands til næstu 5 – 10 ára. Hvernig sjá ungmennin Suðurland þróast á næstu árum m.t.t. menntunar, gervigreindar og aukinnar fjarvinnslu. Hvernig þarf samfélagið að vera uppbyggt og hvaða menntun þarf að bjóða upp á? Hvernig mun samfélagið þróast á næstu árum?
- Rannsókn á hversu margir sækja vinnu til og frá Suðurlandi með fókus á samfélögin sem næst eru höfuðborgarsvæðinu.
- Hvernig er hægt að búa nemendur grunnskólanna betur undir 4. iðnbyltinguna?
- Tækifæri í sjálfbærni og möguleikum Suðurlands til að auka matvælarframleiðslu sem byggir á auðlindum innan landshlutans.

#### **4. Starfsáætlun**

Drög að starfsáætlun fyrir komandi starfsár kynnt en þar er miðað við að stjórnarfundir séu að jafnaði haldnir fyrsta föstudag í hverjum mánuði.

Framkvæmdastjóra falið að uppfæra áætlunina í samræmi við umræður.

#### **5. Tilnefningar í Vinnumarkaðsráð Suðurland**

Fyrir fundinum liggur beiðni frá félagsmálaráðuneytinu um tilnefningu fulltrúa í Vinnumarkaðsráð Suðurlands. Stjórn tilnefnir Ástu Stefánsdóttur sveitarstjóra í Bláskógabyggð og Kristján S. Guðnason Sveitarfélaginu Hornafirði.

#### **6. Önnur mál til kynningar og umræðu**

- a. Fundargerðir stjórna annarra landshlutasamtaka

Lagðar fram til kynningar, fundargerð 149. fundar stjórnar SSV, 50. fundar stjórnar SSNV, 876. fundar stjórnar sambandsins.

- b. ART-verkefnið

Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir stöðu verkefnisins. Við afgreiðslu fjárlaga á Alþingi fyrir árið 2020 var samþykkt að veita 30 m.kr. í tímabundið framlag til verkefnisins. Rekstrarfjármunir eru því tryggðir fyrir komandi starfsár.

Stjórn SASS áréttar nauðsyn þess að félags- og barnamálaráðherra gangi strax frá nýjum samningi um ART verkefnið og að gildistími hans sé til fimm ára þannig að hægt verði að eyða óvissu og halda áfram þessu mikilvæga verkefni.

- c. Ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020–2024, 434. mál og tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020 – 2034, 435. mál.

Framkvæmdastjóra falið að gera drög að svari í samráði við formann samgöngunefndar SASS og senda síðan á stjórnarmenn til samþykktar.



Næsti fundur stjórnar er fyrirhugaður föstudaginn 10. janúar nk.

Fundi slitið kl. 15:30.

Eva Björk Harðardóttir  
Arna Ír Gunnarsdóttir  
Björk Grétarsdóttir  
Helgi Kjartansson  
Kristján S. Guðnason  
Jóna Sigríður Guðmundsdóttir  
Friðrik Sigurbjörnsson  
Grétar Ingi Erlendsson  
Brynhildur Jónsdóttir